

Starfsskilyrði fyrir mjólkurvinnslu og ostagerð, önnur en í viðauka I með lögum nr. 7/1998

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr.

1.1	Beita skal góðum starfsháttum til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) til að fyrirbyggja mengun vatns, sjávar og loftshafi hún verið skilgreind.	550/2018
1.2	Gera skal, í samráði við heilbrigðisnefnd, ráðstafanir til að lágmarka magn og styrk mengandi efna í frárennsli, þar með talið lyfjamengaða mjólk.	796/1999
1.3	Rekstraraðila er skylt að sjá um að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis. Vélar og tæki, hráefni, úrgangur og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð rekstraraðila skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágretta. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði rekstraraðila skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæðið girt af eftir þörfum. Geymsla á óhreinum umbúðum utandyra er óheimil.	737/2003 16. og 18. gr.
1.4	Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólþ. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olúskilja, sandskilja o.þ.h. í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.	798/1999
1.5	Iðnaðarskólþ sem losað er í fráveitu sveitarfélags skal forhreinsað af mengandi efnum (s.s. fitu, próteinríku frárennsli og forgangsefnum). Leitast skal við að koma hreinu vinnsluvatni (ríkt af næringarefnum) og ofanvatni í annan farveg en fráveitu s.s. settjarnir eða endurnýtingu. Markmiðið skal vera að: <ul style="list-style-type: none">• vernda heilsu starfsfólks sem vinnur í tengslum við safnræsi og hreinsistöðvar,• tryggja að safnræsi, skólþhreinsistöðvar og tengdur búnaður verði ekki fyrir skemmdum,• tryggja að starfsemi skólþhreinsistöðvarinnar og hreinsun	798/1999 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka 7.gr., 26. gr. og C-

<p>skólps verði ekki fyrir truflunum,</p> <ul style="list-style-type: none"> • tryggja að skólp hreinsistöðva spilli umhverfinu ekki alvarlega eða komi í veg fyrir að viðtaki uppfylli aðrar kröfur reglugerðar nr. 798/1999 og • tryggja að hægt sé að farga seyru á öruggan hátt. 	liður í viðauka I.
<p>1.6 Olúskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa starfsleyfi eða skráningu til þess að flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað. Þess skal gætt að losa ekki fitu- og/eða olíuleysanleg efni í gildrurnar til að tryggja virkni þeirra. Fitu- og olúskiljur skulu uppfylla kröfur í stöðlum ÍST EN 858-1 og ÍST EN 858-2 fyrir olúskiljur og ÍST EN 1825 fyrir fituskiljur.</p>	798/1999 796/1999 737/2003
<p>1.7 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.</p>	799/1999
<p>1.8 Iðnaðarskólp sem inniheldur lífræn efni skv. lista III í viðauka reglugerðar nr. 798/1999 og er losað í eigin fráveitu skal hreinsað með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri, áður en því er veitt í viðtaka, nema heilbrigðisnefnd kveði á um annað í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp (þ.e. minni eða ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa). Um losun annarra mengandi efna gilda ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 eftir því sem við á. Leitast skal við að koma hreinu vinnsluvatni (ríkt af næringarefnum) og ofanvatni í annan farveg en fráveitu s.s. settjarnir eða endurnýtingu. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Set eða útfellingar. • Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir). • Olía eða froða. • Sorp eða aðrir aðskotahlutir. • Efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. 	798/1999 7. gr. og 25. gr. Fylgiskjal 1A 796/1999 fylgiskjal B og C og listar I, II, III og IV í viðauka I.
<p>1.9 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.</p>	787/1999 5., 9. og 21. gr. og rgl. nr. 941/2002 14. og 18. gr.
<p>1.10 Stefnt skal að lágmarkun úrgangs hjá rekstraraðila. Rekstraraðili skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annars staðar eða til förgunar og spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðsvæði rekstraraðila. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru</p>	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

	utanhúss skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisnefndar. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	
1.11	Um meðhöndlun á aukaafurðum dýra fer eftir reglugerð nr. 674/2017, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.	674/2017
1.12	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	941/2002 11. gr. og rgl. nr. 737/2003 16. og 17. gr.
1.13	Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun um kælimiðla.	970/2013
1.14	Ef mengunaróhapp verður, s.s. leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefnum eða úrgangsefnum, skal tafarlaust gera ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.	550/2018 55. gr.
1.15	Þegar um er að ræða nýbyggingu, meiriháttar breytingar eða stækkanir á húsnæði rekstraraðila þá skal gera aðstöðu til að hægt sé að taka sýni úr inn- og útrennsli í hreinsivirkjum. Ef niðurstöður mælinga sýna að mengun er yfir losunar- eða umhverfismörkum, skal gera ráðstafanir til úrbóta, t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað. Óheimilt er að þynna fráveituvatn til að ná losunarmörkum.	798/1999 og rgl. nr. 550/2018
1.16	Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði rekstraraðila skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæði girt af eftir þörfum.	737/2003 17. gr
1.17	Um rekstur kælikerfa er vísað í starfsskilyrði um rekstur kælikerfa þar sem notuð eru kælikerfi sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni og þjónusta við þau kerfi.	1066/2019
1.18	Ef mengunaróhapp verður, s.s. leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.	550/2018

2. LOSUNARMÖRK OG SÝNATAKA

		Rgl.nr.
2.1	<p>Þar sem iðnaðarskólpi er veitt í fráveitu sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem heilbrigðisnefnd setur fyrir fráveitukerfi sveitarfélagsins (viðeigandi hreinsun, eins þreps, tveggja þrepa eða ítarleg hreinsun).</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi hreinsun – Fráveituvatn skal hreinsað með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar til að uppfylla gæðamarkmið í fylgiskjali 1A við útrás sveitarfélags (fráveituvatn frá rekstraraðila má ekki valda því að við útrás sjáist: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. • Eins þreps hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%. • Tveggja þrepa hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅ er lækkað um 70-90% og COD um 75% áður en skólp er losað í viðtaka. • Ítarleg hreinsun – þar sem fram fer tveggja þrepa hreinsun og að auki skal heildarstyrkur fosfórs lækkaður um 80% og köfnunarefnis um 70-80%. 	<p>798/1999</p> <p>3.14. gr.</p> <p>Fylgiskjal 1A</p> <p>3.14. gr.</p> <p>Tafla 1 í viðauka I.</p> <p>Tafla 2 í viðauka I.</p>
2.2	<p>Losunarmörk fyrir iðnaðarskólp sem er veitt í eigin fráveitu fara eftir kröfum reglugerðar um fráveitur og skólp um hreinsun á skólpi. Losunarmörk fara eftir viðtaka sem skólp er losað í og magni skólps.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi hreinsun – hreinsa skal skólp þannig að gæðamarkmið í fylgiskjali 1A sé náð. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir eða efni sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi. • Eins þreps hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%. • Tveggja þrepa hreinsun – hreinsun þar sem BOD₅ er lækkað um 70-90% og COD um 75% áður en skólp er losað í viðtaka. • Ítarleg hreinsun – þar sem fram fer tveggja þrepa hreinsun og að auki skal heildarstyrkur fosfórs lækkaður um 80% og köfnunarefnis um 70-80%. 	<p>798/1999</p> <p>Fylgiskjal 1A</p> <p>3.14. gr.</p> <p>Tafla 1 í viðauka I.</p> <p>Tafla 2 í viðauka I.</p>
2.3	<p>Ef vart verður við að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisnefnd, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.</p>	<p>550/2018</p> <p>og sbr.</p> <p>fylgiskjal 1 og 2 með rgl. nr. 798/1999</p>

2.4	<p>Rekstraraðili skal mæla sýrustig (pH) og hitastig (°C) í fráveituvatni frá hreinsibúnaði. Heilbrigðisnefnd áskilur sér rétt til að láta framkvæma frekari mælingar og getur gert kröfu um síritandi/rauntíma mælingar á þessum þáttum. Niðurstöður skulu aðgengilegar eftirlitsaðila í rauntíma.</p> <p>Rekstraraðili skal senda niðurstöður mælinga til heilbrigðisnefndar</p>	
-----	--	--

3. INNRA EFTIRLIT

Rgl.nr.

3.1	<p>Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:</p> <ol style="list-style-type: none"> Afstöðumynd af stöðinni sem sýnir m.a. frárennslislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar, og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra. Skráningar á innvegnum magni hráefnis. Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar. Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í ásamt viðhaldi búnaðarins, sbr. ákvæði í starfsskilyrðum fyrir rekstur kælikerfa Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð. Skrá skal öll mengunarhöpp og viðbrögð við þeim. Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna starfseminnar og viðbrögð rekstraraðila við þeim. 	550/2018 8. og 57. gr
-----	---	--------------------------

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.